



Alþingi
Erindi nr. Þ 127/62
komudagur 7. 11. 2001

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Reykjavík, 7. nóvember 2001

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um skattabreytingar o.fl. (114. mál)

Visað er í bréf nefndarinnar dags. 16. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja fagna þeim grundvallarskrefum sem lagt er til að stigin verði í lækkun skatta samkvæmt frumvarpinu. SBV hafa á árinu tekið þátt í starfi innan Samtaka atvinnulífsins sem lauk með skýrslu sem kom út í maí 2001, þar sem lagðar voru fram tillögur um lækkun skatta á atvinnulífið. Því er afar jákvætt að stjórnvöld hafi nú stigið það skref að leggja fyrir Alþingi frumvarp í þá veru.

Veruleg lækkun tekjuskatts á fyrirtæki og mikilvægt skref í átt til afnáms eignarskatta munu án vafa styðja mjög það markmið að örva innlent atvinnulíf og koma í veg fyrir flóttu hérlendra fyrirtækja til annarra landa. Einnig er boðuð breyting á stimpilgjaldi fagnaðarefni og mikilvægt að fljótlega komi fram frumvarp þess efnis, þar sem stimpilgjöld á viðskiptabréf (óþinglýst bréf) þekkjast vart í öðrum ríkjum og eru orðin raunveruleg samkeppnishömlun hérlends fjármálamarkaðar.

Annað af meginmarkmiðum frumvarpsins er sagt vera að ýta undir frekari erlenda fjárfestingu á Íslandi. SBV taka heilshugar undir mikilvægi þess. Vissulega munu hin almennu atriði sem að framan greinir styðja við slíka þróun. Hins vegar eru nokkur veigamikil atriði til viðbótar sem huga þarf að ef takast á að tryggja að það markmið náist:

1. Við 3. gr. (brt. á 1. másl. 1. mgr. 9. gr. laganna).
SBV hafa borist afrit af sameiginlegri umsögn PwC hf., D&T hf., KPMG hf. og Tax.is ehf. varðandi breytingartillögu 1-liðar 3. gr., þar sem gerð er tillaga um

að samhliða þeirri breytingu á 9. gr. laganna verði 7. tölul. 3. gr. tskl. breytt þannig að tryggt sé að breytingin nái ekki til aðila með takmarkaða skattskyldu.

SBV styður slíka breytingu á 3. gr. laganna. Mikilvægt er að hafa í huga að verulegar skatttekjur geta skapast fyrir íslenska ríkið í tengslum við stofnun eignarhaldsfélaga erlendra aðila hérlendis sem þannig geta nýtt sér frádráttarheimild 8. tl. 31. gr. tskl. og njóta jafnframt góðs af tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert við önnur ríki.

2. Við c-lið 19. gr. (brt. á 8. tl. 31. gr. laganna)

Í 8. tl. 31. gr. tskl. er mælt fyrir um almenna frádráttarbærni arðgreiðslna á milli félaga. Þetta ákvæði tók gildi árið 1999 og um rökin fyrir breytingunni sagði m.a. í því frumvarpi sem lá að baki lögnum slík regla gildi í flestum OECD löndum og þjónaði því markmiði að koma í veg fyrir tvísköttun hagnaðar við greiðslu á arði milli félaga.

Hins vegar er gert ráð fyrir að arður greiddur af erlendu félagi til félags skráðu hér á landi sé aðeins frádráttarbær hjá íslenska félaginu ef arðurinn hefur verið skattaður á sambærilegan máta í heimilisríki arðgreiðslufélags. Í greinargerð frumvarpsins með ákvæði sagði orðrétt: *“Tilgangurinn með því skilyrði er að koma í veg fyrir að þeir innlendir aðilar sem valið hafa að setja sig niður í erlendum skattavinjum búi við betri skattaskilyrði en aðrir.”* Rétt er að taka fram að með skattvinjum er væntanlega átt við ríki sem oft er kennd við “offshore” og leggja almennt ekki á neina tekjuskatta. Eins og oft áður var fyrirmynd umrædds ákvæðis sótt í danska löggjöf. Í nefndarálit efnahags- og viðskiptanefndar um málið kom fram að með orðalaginu “með sambærilegum hætti” væri átt við að fyrirtækið sem greiddi arðinn hefði verið skattlagt samkvæmt almennum reglum í því landi þar sem það starfar og breyti þá engu þótt skatthlutfallið kunni að vera lægra en hér á landi.

Framkvæmd ákvæðisins hefur reynst vandkvæðum bundin og skattyfirvöld hafa tregðast við að gefa út bindandi álit um þetta mál, sem dregið hefur úr áhuga erlendra stórfyrirtækja á stofnun eignarhaldsfélaga á Íslandi. Sams konar vandkvæði leiddu til þess að Danir breyttu sínum lögum og felldu brott skilyrði um sambærilega skattlagningu.

Ljóst er að ein forsendan fyrir því að erlend félög hafi áhuga á að stofna eignarhaldsfélög á Íslandi sem eiga hlut í félögum erlendis er að arðgreiðslur frá dótturfélagi til móðurfélags á Íslandi sé ekki skattskyldur. Hafa skal í huga að hér er aðeins verið að ræða um arðgreiðslur milli félaga, en arðgreiðslur til einstaklinganna sem standa að slíkum félögum eru skattskyldur samkvæmt almennum reglum. Þá er ekki bættur sá skattur sem greiðslufélagi, innlendu eða erlendu, hefur verið gert að greiða af hagnaði.

Fyrirliggjandi frumvarp gerir ráð fyrir að fjármálaráðherra skuli setja reglur um framkvæmd ákvæðisins. Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkt hefur telja SBV mun farsælla að löggjafinn taki af skarið og skýri ákvæðið frekar með hliðsjón af upphaflegum tilgangi þess. Því er lagt til að ákvæðinu verði breytt þannig að slíkar arðgreiðslur séu frádráttarbærar ef arðgreiðslufélagið er staðsett í landi sem

hefur svipað skattkerfi og hér tíðkast. Þannig er tryggt að arðgreiðslur frá félögum skráðum í aflandsríkjum njóti ekki frádráttarins.

Lagt er til að c-liður 19. gr. frumvapsins orðist svo:

Lokamásl. 8. tl. 31. gr. orðast svo: *Ákvæði þetta skal einnig taka til arðs frá hlutafélögum sem skráð eru erlendis, nema þegar um er að ræða félög sem skráð eru í lágskattaríki. Um lágskattaríki telst vera að ræða þar sem annað hvort hið almenna skatthlutfall hlutafélaga er lægra en 5% eða þar sem skatthlutfall tiltekinna félaga samkvæmt sérlöggjöf er lægra en 5%. Fjármálaráðherra skal, eftir því sem við verður komið, birta árlega lista yfir lágskattaríki samkvæmt þessum tölulið.*

3. Við 31. gr. (brt. á 2. tl. 71. gr. laganna) 2. tl. 1. mgr. 71. gr. laganna gerir m.a. ráð fyrir að tekjur, þ.á.m. söluhagnaður, af íslenskum hlutabréfum, skuli skattlagður með 20% tekjuskatti. Almennt er slíkur skattur á tekjur sem falla til erlendra aðila nefndur afdráttarskattur. Söluhagnaði var bætt inn í umrætt ákvæði með lögum nr. 85/1998. Ekki var sérstaklega fjallað um þá breytingu í greinargerðinni, en hins vegar var viðamikil umfjöllun um mikilvægi þess að koma í veg fyrir efnahagslega tvísköttun milli félaga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fara með þetta hlutfall niður í 15%. Mikilvægt er að horfa til þess að afdráttarskattur er viðbótarskattur sem leggst á þegar skattskyldan hagnað. Samkeppnislöndin, eins og Bretland, Írland, Lúxemborg, Belgía og Spánn, leggja engan slíkan skatt á. Ef raunverulega er ætlunin að laða erlenda fjárfesta hingað í frekari mæli er mikilvægt að tryggja Íslandi jafna samkeppnisstöðu að þessu leyti.

Í ljósi framansagðs telja SBV eðlilegt að breyta lögnum í þá veru sem gildi fyrir 1998, þ.e. að fella áskilnað um söluhagnað brott úr 3. gr. tsk.

Lagt er til að orðin “þar með talinn söluhagnað” í 7. tölul. 3. gr. falli brott.

Rétt er að benda á að uppi hafa verið sjónarmið um að ekki væri hagfelld að lækka einhliða skatthlutföll með því móti sem tillaga er gerð um í lið 2 og 3 hér að framan, í ljósi hagsmuna af tvísköttunarsamningum. Fremur ætti að nota möguleika til lækkana sem skiptimynt í slíkum samningaviðræðum. Ekki verður fallist á þessi sjónarmið. Eins og fram kemur í skýringum með tillögnum er ætlunin einvörðungu að koma á sambærilegu skattaumhverfi og gerist í samkeppnislöndunum. Þá verður að horfa til eftirfarandi: 1) Meginvandamál íslensks efnahagslífs hefur verið skortur á erlendra fjárfestingum. Breytingartillögurnar stuðla að því að greiða fyrir aðgengi slíks fjármagns til Íslands; 2) Reynsla annarra þjóða, sbr. Dana og Hollendinga, er að slíkar einhliða breytingar séu ekki til þess fallnar að draga úr áhuga annarra þjóða á gerð tvísköttunarsamninga við þær; 3) Ísland vigtar afar létt í viðskiptakörfu flestra annarra ríkja og því er það meira fyrir “kurteisissakir”, fremur en af brýnni viðskiptalegri nauðsyn að þjóðir hafa gert við okkur tvísköttunarsamninga; 4) Ef raunin er að erfitt sé að fá þjóðir til að gera tvísköttunarsamninga við okkur þá hlýtur besta leiðin til að örva fjárfestingu innanlands að vera að falla frá afdrætti á arðgreiðslur og þóknarir út úr landinu.

4. Við 39. gr. (brt. á 7. mgr. 114. gr. laganna)
Frumvarpið gerir ráð fyrir að skattstjóri, í stað fjármálaráðherra, geti gert erlendum aðilum, með takmarkaða skattskyldu hérlendis, að setja tryggingu fyrir væntanlegum sköttum og gjöldum.

Ljóst er að afar óeðlilegt er að gera erlendum aðilum skylt að setja sérstaka tryggingu fyrir skattgreiðslum, enda ekki sambærilegar kröfur lagðar á innlenda aðila. Efast má um að slíkt ákvæði standist EES-samninginn ef á reyndi. Væntanlega er það ástæða þess að fjármálaráðherra hefur hingað til ekki beitt ákvæðinu. Í ljósi efasemda um hvort slík mismunun sé yfir höfuð heimil er enn undarlegra ef á löggjafinn ætlar að framselja þetta vald til lægra setts stjórnvalds.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að **39. gr. frumvarpsins orðist svo:**
7. mgr. 114. gr. laganna fellur brott.

Auk framansagðs er mjög brýnt að sem allra fyrst verði gengið í að afnema eignarskatta að fullu, bæði til styrkingar samkeppnisstöðu starfandi fyrirtækja hérlendis og til að taka rífa þann þroskuld á erlendar fjárfestingar endanlega burt.

Um önnur atriði frumvarpsins eins og breytingar í tengslum við verðbólguþreikningsskil, hækkun tryggingafjalds og breytingu á reglum um skattalega meðferð launagreiðslna til öflunar lífeyrisréttinda vísa SBV til umsagnar Samtaka atvinnulífsins.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
frankvæmdastjóri